

Hafsteinn og Auður í U17 landsliðið

Þau Hafsteinn Már Sigurðsson og Auður Líf Benediktsdóttir í Vestra hafa verið valin í U17 landsliðið í blaki og fara um miðjan október til Íkast í Danmörku.

Auður Líf var í janúar kjörin efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðabæjar 2016 og er

að hefja sitt þriðja tímabil í meistaraflakki Vestra. Þetta er í annað sinn sem Auður fer til Danmerkur með landsliði U17.

Hafsteinn er heldur enginn nýgræðingur í blaki en hann fór með landsliði U17 til Búlgaríu í vor og til Danmerkur í desember 2016, sömuleiðis

hampaði hann meistaratitli með Vestra í vor.

Thiomir Paunovski þjálfari Vestra mun fylgja þeim til Danmerkur en hann er aðstoðarþjálfari kvennaliðsins í þessari ferð. Guðrún Ósk Ólafsdóttir hjá Vestri var valin til vara.



Vel heppnuð æfing

Hátt í annað hundrað sjálfboðaliðar tóku þátt í flugslysaæfingu á Ísafjarðarflugvelli á laugardaginn og að sögn skipuleggjenda gekk flest að óskum en svona æfingar eru ætíð rýndar vel að lokum og þær eru til þess gerðar að læra af þeim. Væntanlega hefur eitthvað komið úr pokahorninu sem mátti fara betur, í það minnsta kvartaði einn sjúklingur yfir því að hafa aldrei fengið að tala við lækni og aldrei mældur blóðþrýstingur.


„Slysið“ átti sér stað fyrir enda flugbrautarinnar og þar hafði ýmsum hlutum verið komið fyrir sem léku flugvélaparta, til að mynda þrír bílar, grunsamlegir kútar og rör. Mikið slösuðu fólki hafði verið komið fyrir ýmist í „flugvélapörtunum“ eða á flötunum í kring og létu margir sjúklingar ófriðlega enda á þeim mörgum mikil svöðusár. Klippa þurfti fjölmarga úr bílunum og flytja af mikilli varfærni úr flökunum og yfir í sjúkrabíl. Einn flugfarþegi var svo óheppinn að fljóta út í sjó á bót úr flugvélinni og mátti bíða talsverða stund eftir að vera bjargað í land og

undir læknishendur, glöggst mátti heyra af hljóðunum að viðkomandi var mikið slasaður.

Mikill eldur braust út á fjórum stöðum en vaskir liðsmenn slökkviliðsins réðu niðurlögum hans.

Í Flugstöðinni var bækistöð heilbrigðisstarfsfólks sem greindi og læknaði af miklum móð, eitthvað var þó um að ekki tækist að bjarga þeim sem náðu undir læknishendur.

Skipuleggjendur æfingarinnar voru afar ánægðir með viðbrögð björgunarfólks á svæðinu og kunnu vel að meta alla þá aðstoð sem hinn almenni borgari veitti sömuleiðis.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

#Höfum hátt

Mér er það til efs að ættingjar Benedikts Sveinssonar séu búnir að gleyma því að hann kvittaði upp á æruheimsun manns sem misnotaði barn á árafjöld, ekki frekar enn að aðrir hafi gleymt því. Það má hins vegar vel vera að ættingjum Benedikts Sveinssonar þyki eðlilegt að hanga á þeirri vitneskju eins og hundar á roði og það má líka vel vera að þeim finnist að þegar fara á eftir upplýsingalögum sé í lagi að greinamun á Jóni og sjéra Jóni. Hugsanlega finnst einhverjum að til séu verri glæpir en barnanið og einhverjir eru til sem ofbýður ekki að það skuli í alvörunni þurfa að safna peningum til að byggja íbúðir fyrir íslenskt flóttafólk af eigin heimilum!

Ofbeldismenn allra landa horfast í augu við það að meðvirkni með barnanið felldi ríkisstjórn Íslands, það er ekki hægt að fela það eða þykjast gleyma því. Einn ríkasti og valdamesti maður landsins átti þátt í því að skrúbbja glæpin af fautanum og það átti að leyfa því, málið er ekki flóknara. Sterkar stúlkur með alvöru föður sér við hönd beygðu valdið og sögðu meðvirkninni stríð á hendur, það er það sem gerðist.

Næsta skref er svo að útrýma kynferðislegu ofbeldi og þar þarf fleiri alvöru feður, feður sem standa torgum og öskra, feður sem hönd í hönd með detrum, mæðrum og systur gera byltingu, skera upp herör gegn þeim sem vilja þagga niður ofbeldið og smætta það. Þetta er næsta verkefni góðir hálsar.

Bryndís Sigurðardóttir

Eflum byggðir landsins

Eitt aðalmarkmið Pírata er valddreifing og sjálfsákvörðunarréttur. Að hver og einn geti haft aðkomu að málum sem hann varðar. Af því leiðir sú stefna okkar Pírata að gera eigi sveitarfélög fjárhagslega sjálfstæð til þess að þau geti staðið undir þeirri þjónustu sem þau eiga að veita. Stóra spurningin er, hvernig förum við að því?

Í dagfásveitarfélögaðallega tekjur frá útsvari einstaklinga og í gegnum fasteignargjöld. Þessum tekjum er ætlað að standa undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Undanfarið hefur ríkið fært ýmis verkefni yfir til sveitarfélaganna án þess að viðeigandi fjármagn fylgi.

Lausnin við þessu er að gera hluta tekjuskatts fyrirtækja og virðisaukaskatts að útsvari til sveitarfélags. Þannig myndi hluti af hagnaði fyrirtækis sem og sala af vöru eða þjónustu fyrirtækis renna til nærsamfélagsins. Hér er nauðsynlegt að taka fram að ef þú kaupir olíu á bensínstöð í Varmahlíð þá myndi hluti virðisaukaskattsins af olíugjaldinu renna til Skagafjarðar en ekki til sveitarfélagsins þar sem bensínstöðin er með höfuðstöðvar. Þeir sem þekkja til í kerfinu telja þetta vera erfitt í framkvæmd, kerfið virkar ekki svona, en við látum slíkt ekki stöðva okkur. Kerfið er mannanna verk og það er hægt að bæta.



Eva Pandora Baldursdóttir



Björn Leví Gunnarsson

Það besta við þessa breytingu er ekki bara að tekjustofnar sveitarfélaganna verða sterkari heldur verður einnig til hvati til þess að laða að annars konar atvinnustarfsemi þar sem skilar miklum fasteignargjöldum. Ferðamenn sem flakka um landið og kaupa alls kyns þjónustu myndu skila hagnaði beint í sjóði sveitarfélagsins. Veffyrirtækið út í bílskúr færi allt í einu að standa undir rekstri leikskólans.

Þessi breyting er á kostnað ríkissjóðs en afurðin eru öflugri og sjálfstæðari sveitarfélög. Það gagnast okkur öllum, líka ríkissjóði.

Eva Pandora Baldursdóttir og Björn Leví Gunnarsson

Höfundar eru þingmenn og frambjóðendur Pírata í Norðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi suður

Braust úr höndum manna



Svo ferst Reyni Traustasyni orð er hann lýsir afreki Hörpu nokkurrar frá Neðri Breiðadal í Öndarfirði í frásögn af sundafræki hennar þann 8. október 1987. Harpa var mikil afbragðs skepna, mjólkaði vel og við góða

heilsu en þannig háttaði til í landbúnaði þess tíma að fækka skyldi í fjósinu. Þegar leiða átti Hörpu til slátrunar á Flateyri sleit hún sig lausa og bókstaflega flaug að sögn sjónarvotta yfir fiskikör sem urðu á vegi hennar á leið til sjávar. Þar

tók hún sundþekkingu sína til kostana og synti einbeitt og ákveðin, fyrst út fjörðinn en síðan beina leið yfir og mátti sjá halann upp úr sjónum eins og loftnet. Hinu megin fjarðar tóku gestrisnir bændur á Kirkjubóli í Valþjófsdal, þau Guðmundur Steinar og Sigríður á móti sunddrottningunni og buðu henni í hús, upp frá því bar hún nafnið Sæunn. Þeir Halldór í Breiðadal og Guðmundur í Valþjófsdal handsöluðu eigendaskiptin í fjörunni og héldu svo hver til síns heima.

Sæunn skokkaði hins vegar lét á fæti á sinn bási í Valþjófsdal, rétt eins og hún hefði bara brugðið sér á beit og eins og sannri sækú sæmði ól hún spræka kvígu á sjómannadaginn vorið eftir, sú

var nefnd Hafdís. Sæunn var aldrei aftur færð í slátruhús og þegar hennar tími nálgaðist fór Guðmundur Steinar bóndi með hana á sjávarkambinn þar sem hún hafði komið á land, felldi hana og heygði.

Sund Sæunnar vakti heimsathygli og á facebook síðu sem Benni í dal, sonur þeirra Sigríðar og Guðmundar Steinars má lesa um lífshlaup hennar og afrek en í minningu Sæunnar var unglingadeild björgunarsveitarinnar á Flateyri nefnd Sæunn.

Sæunnarsund 2018

Nú stendur til að halda merki Sæunnar enn frekar á lofti með opinberu sjósundi í kjölfar Sæunnar, frá höfninni á Flateyri



og yfir í Valþjófsdal. Ekki hefur verið sett niður dagsetning en ágúst 2018 er líklegasti tíminn enda sjávarhiti þá með hæsta móti. Áhugasömum er bent á að læka síðu Sæunnarsunds 2018, þar munu koma inn upplýsingar þegar nær dregur.

Kosið um uppbyggingu á Vestfjörðum

Uppbygging fiskeldis, afhendingaröryggi raforku og vegur um Teigsskóg. Þetta eru baráttumálin þrjú sem Vestfirðingar hafa sett á oddinn eftir kröftugar umræður í fjölmiðlum í sumar og fjölmennan borgarafund á Ísafirði fyrir stuttu. Vestfirðingar vita að með afgreiðslu þessara mála er loksins komið tækifæri til að hefja viðsnúning sem hefði í för með sér aukin atvinnutækifæri, bætt búsetuskilyrði, jákvæðan hagvöxt og fjölgun íbúa á svæðinu.

Sjálfstæðisflokkurinn mun beita sér fyrir því að öll þessi mál nái fram að ganga og ætla frambjóðendur flokksins að taka pólitíska forystu í þeim efnum. Það höfum við sýnt í riti og aðgerðum. Þetta ætlum við að gera:

1. Rjúfa þá kyrrstöðu sem veglagning um Teigsskóg er í. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram frumvarp í haust um nákvæmlega það ásamt öllum öðrum þingmönnum kjördæmisins að undanskildum þingmanni VG. Málið verður aftur lagt fram á þingi strax eftir kosningar fáum við til þess umboð frá kjósendum.

2. Halda áfram með uppbyggingu á fiskeldi, þar með talið í Ísafjarðardjúpi. Allar forsendur eru fyrir hendi til þess að byggja upp öfluga atvinnugrein sem byggir á vísindalegri þekkingu og reynslu annarra þjóða. Sjálfstæðisflokkurinn mun hafa



Hafdis Gunnarsdóttir

forystu um að eldi hefjist án tafa í Ísafjarðardjúpi þar sem mögulegt er að nota raunhæfar mótvægisáðgerðir. Þetta verður gert með ábyrgum hætti þar sem hinn samfélagslegi ávinningur er metinn, eins og umhverfispátturinn, með réttum og sanngjörnum hætti.

3. Tryggja að áform um bætt afhendingaröryggi raforku nái fram að ganga. Hvalárvirkjun er í nýtingarflokki rammaáætlunar og er virkjunin nauðsynlegur hlekkur til að byggja skynsamlega upp burðugt flutningskerfi raforku á Vestfjörðum. Ekki kemur að okkar mati til greina að hnikað verði frá þeim áformum og það þarf pólitíska staðfestu til að halda stjórnkerfinu við efnið.

Vestfirðingar hafa vissulega þétt raðirnar sem aldrei fyrr, þvert á pólitískar línur og eru þeir með skýra sýn á hvað þurfi að gera svo Vestfirðir eigi öfluga framtíð. En hér er ekkert sjálfgefið þrátt fyrir vilja og



Teitur Björn Einarsson

baráttuhug Vestfirðinga til að koma þessum þremur málum í gegn. Pólitíkin þarf að spila með. Vestfirðingar þurfa því að kjósa stjórn mála flokksins sem ætlar að taka slaginn fyrir Vestfirði, taka forystu í baráttumálum svæðisins og sér hvers svæðið er megnugt. Aldrei hefur það verið jafn mikilvægt og núna að kjósendur kynni sér vel hver afstaða stjórn mála flokksins er varðandi málefni Vestfjarða því afturhaldssinna má finna víða. Við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins erum klár í þennan slag og ætlum að tryggja öfluga framtíð Vestfjarða fáum við umboð til þess.

Við kjósum Vestfirði.

Teitur Björn Einarsson, þingmaður og skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi
Hafdis Gunnarsdóttir, varþingmaður og skipar 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

Verkalýðsfélagið og Fræðslumiðstöðin í samstarf á Hólmavík

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur samþykkt að fara í samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um ráðningu verkefnastjóra á Hólmavík. Til verkefnisins hefur verið ráðin Ingibjörg Benediktsdóttir á Hólmavík, en Ingibjörg er Strandamaður í húð og hár og því vel tengd og kynnt á svæðinu. Ingibjörg mun sjá um fræðsluverkefni félagsins ásamt samskiptum við starfsfræðslusjóði sem félagið er aðili að. Einnig mun Ingibjörg sjá um afgreiðslu fræðslustyrkja og utanumhald með fræðslumálum til trúna-



aðarmanna ásamt því að þjónusta félagsmenn Verk Vest á Ströndum og Reykhólahreppi. Forstöðumaður Fræðslumið-

stöðvarinnar og Ingibjörg mættu á starfsmannafund hjá Verk Vest fyrir í dag þar sem verkefnið var kynnt fyrir starsfólki Verk Vest.

Bjarni Þjálfar Vestra



Samúel Samúelsson formaður meistaraflokks Vestra og Bjarni Jóhannsson nýr þjálfari liðsins.

Á laugardaginn var skrifað undir samning við nýjan þjálfara meistaraflokks Vestra í knattspyrnu og sá er heldur betur þekktur í íslenskum knattspyrnuheimi. Bjarni Jóhannsson mun þjálfar Vestra næstu þrjú árin og það má með sanni segja að koma Bjarna sé fengur fyrir vestfirski knattspyrnu. Hann hefur starfað

við knattspyrnuþjálfun í aldarfjórðung og meðal annars þjálfað Stjörnuna, Breiðablik, KA og ÍBV.

Bjarni er ekki ókunnur knattspyrnumálum á Ísafirði þó það sé langt um liðið síðan hann lék með ÍBÍ, forvera Vestra, en hann lék með liðinu keppnistímabilin 1982 og 1983.

Góð byrjun hjá Vestra



Nemanja Knezevic (nr. 15) átti stórleik.

Vestri lagði Snæfell í fyrsta leik tímabilsins í 1. deild Íslandsmótsins í körfubolta, lokatölur voru 76-72.

Nemanja Knezevic átti frábæran leik fyrir Vestra, skoraði 20 stig og tók 20 fráköst að ekki sé talað um varnarvinnuna. Nebojsa Knezevic skilaði sínu þrátt fyrir að hafa verið kominn með fjórar villur í fyrri hálfleik, hann skoraði 16 stig, sendi 10 stoðsendingar og náði 6 fráköstum. Fyrirliðinn Nökkvi Harðarson átti einnig góðan leik og fyrir utan að hafa skorað 12 stig, náð 4 fráköstum og sent 3 stoðsendingar smitaði baráttuandi fyrirliðans út frá sér.

Í hálfleik var undirritaður endurnýjaður samstarfssamningur Körfuknattleiksdeildar Vestra og tölvu- og net-þjónustufyrirtækisins Snerpu á Ísafirði. Snerpa hefur

um árábil staðið þétt við bakið á körfuboltanum á Ísafirði en samstarf þessara aðila má rekja u.þ.b. tvo áratugi aftur í tímann.



Ingólfur Þorleifsson og Jakob Einar Úlfarsson handsala samkomulagið



Heiðrúnu veitt heiðurslaufa



Thelma Hjaltadóttir, starfsmaður Sigurvegar, afhenti Heiðrúnu barmnæluna fyrir hönd félagsins.

Heiðrúnu Björnsdóttur var í lok september afhent með viðhöfn fyrsta bleika slaufan á Vestfjörðum í þakkarskyni fyrir störf sín í þágu Krabbameinsfélagsins Sigurvegar. Bleika slaufan, árvekníatak Krabbameinsfélagsins er nú hafið en slaufan er tákni Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum. Heiðrún hefur starfað

fyrir Sigurvegar frá endurstofnun félagsins árið 2001 en starfsvæði þess er norðanverðir Vestfirðir og Strandir. Fyrir þónokkrum árum kom hún ásamt Guðbjörgu Ólafsdóttur á fót stuðningshópnum Vinum í von fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Hópurinn starfar enn í dag og hittist tvisvar í mánuði yfir vetrarmánuðina.

„Við eigum alltaf saman notalegar stundir er við hittumst,“ segir Heiðrún um Vini í von. „Við fáum okkur morgunkaffi og léttar veitingar og röbbum saman um allt mögulegt. Ákveðinn kjarni mætir alltaf en við tökum alltaf vel á móti nýju fólki og hvetjum alla sem vilja til að kíkja við hjá okkur.“

Söfnunarfé Bleiku

slaufunnar í ár rennur til Ráðgjafarþjónustu félagsins með það að markmiði að efla stuðning, fræðslu og ráðgjöf til einstaklinga um allt land sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra. Þess má geta Ráðgjafarþjónustan er faglegur bakhjarl starfsmanns þjónustumiðstöðvar Sigurvegar og gott samstarf verið þar á milli um árabíl.

Krabbamein snertir líf flestra

Þriðji hver einstaklingur greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni og afar mikilvægt er að þeir og aðstandendur þeirra geti gengið að áreiðanlegri ráðgjöf og stuðningi í veikindunum og í kjölfar þeirra.

Mun fleiri lifa en áður

Sífelld betur tekst að greina krabbamein tímanlega, ráða niðurlögum þeirra og halda sjúkdómunum í skefjum. Nú er svo komið að um 70% þeirra sem greinast með krabbamein eru á lífi fimm árum síðar. Í dag eru rúmlega 14.000 þúsund

einstaklingar á lífi sem greinst hafa með krabbamein og þeim fer fjölgandi. Árið 1976 var talan hins vegar tæplega 2.300. Áætlað er að árið 2026 verði fjöldinn um 18.300. Þessi jákvæða þróun hefur í för með sér ört vaxandi þörf fyrir þjónustu og stuðning við þá sem hafa greinst og aðstandendur þeirra, bæði meðan á veikindum stendur og þegar þau eru yfirstaðin.

Ráðgjafarþjónusta í 10 ár fólki að kostnaðarlausu

Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er boðið upp á þjónustu fagaðila án endurgjalds. Hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta er í boði alla virka daga og boðið er upp á viðtöl og einstaklingsráðgjöf, síma-ráðgjöf, slökun, fyrirlestra auk starfsemi stuðningshópa félagsins. Einnig er fjöldi námskeiða og fyrirlestra í boði sem mæta þörfum þeirra sem til Ráðgjafarþjónustunnar leita.



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 28. október 2017

Í umdæmi Sýslumannsins á Vestfjörðum má greiða atkvæði utan kjörfundar alla virka daga sem hér segir:

- Ísafirði, skrifstofu sýslumanns, Hafnarstræti 1, kl. 9:30 - 12:00 og 12:30 - 15:00.
- Hólmavík, skrifstofu sýslumanns, Hafnarbraut 25, kl. 10:00 - 12:00 og 13:00 - 15:00.
- Patreksfirði, skrifstofu sýslumanns, Aðalstræti 92, kl. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:00.
- Bolungarvík, skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 12, kl. 10:00 - 15:00.

Þegar nær dregur kjördegi má nálgast á vef sýslumanna, www.syslumenn.is, upplýsingar um fleiri kjörstaði, um atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum í umdæminu og eftir atvikum lengdan afgreiðslutíma. Þar er einnig að finna ýmsar almennar upplýsingar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Vinsamlega athugið eftirfarandi:

- Kjósandi skal gæta að hvar hann er á kjörskrá, en nálgast má upplýsingar um það á vefnum www.island.is.
- Kjósandi skal, áður en hann greiðir atkvæði utan kjörfundar, gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa vegabréfi, ökuskírteini, nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra.
- Öllum sem eru skráðir á kjörskrá er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá hvaða sýslumanni sem er óháð búsetu eða lögheimili.
- Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, þarf að hafa borist hlutaðeigandi skrifstofu sýslumanns eigi síðar en þriðjudaginn 24. október nk. kl. 16:00.

Ísafirði, 4. október 2017.

Jónas Guðmundsson, sýslumaður.


Allar líkur á að kalkþörungaverksmiðja rísi

Sveitarstjórinn í Súðavíkurhreppi telur allar líkur á að kalkþörungaverksmiðja verði reist í Súðavík innan ekki langs tíma.

Frummatsskýrsla Íslenska kalkþörungafélagsins var kynnt á íbúafundi í Súðavík í síðustu viku og einnig skýrsla KPMG um hagræn áhrif verksmiðjunnar. „Þetta var góður fundur og það mættu Súðvíkingar, Ísfríðingar og Bolvíkingar. Það var ánægjulegt að sjá nágranna okkar á fundinum enda skiptir þetta okkur öll máli,“ segir Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Nokkur ár eru síðan Íslenska kalkþörungafélagið kynntifyrst áform um kalkþörungavinnslu í Ísafjarðardjúpi. Það sem hefur staðið verkefninu fyrir þrífum í Súðavík er afhending raforku. „Við teljum okkur vera búin að leysa það með því að keyra verksmiðjuna með gasi þangað til raforkukerfið verður komið á nútímahorf og við getum afhent 10 megavött,“ segir Pétur.

Samkvæmt mati KPMG getur verksmiðjan skapað 42



Pétur G. Markan
sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

bein og óbein störf og strax á byggingartíma átján störf.

Aðspurður hvað hreppurinn þurfi að gera til að verkefnið verði að veruleika segir Pétur að ákvörðun hreppsins sé skipulagsákvörðun og einnig þurfi að nást eðlilegir samningar við fyrirtækið um hafnarþjónustu sem Pétur hefur fulla trú á að gangi vel fyrir sig.

Áformað er að verksmiðjan rísi á Langeyri og samhliða verksmiðjunni þarf að byggja upp hafnaraðstöðu. „Langeyrin hentar vel fyrir hafnarkant, þar er mikið dýpi. En Langeyrin er líka falleg og það var eitt af því sem var rætt á fundinum,“ segir Pétur.

Þín velferð er mín vegferð



Rannveig Ernudóttir

Ég er að bjóða mig fram til Alþingis, með Pírötum. Viðurkenni ég fúslega að ég er örlítið óttaslegin, enda er ég vel upp alin stúlka sem í skólakerfinu sat stillt og þrúð meðan strákarnir fengu athyglina. Stúlka sem ólst upp við það að strákarnir væru klárari og sterkari. Svo hér er ég í dag, að segja skilið við þá ranghugmynd að ég sé ekki nógu klár, að stíga inn í nýjar og ókunnugar aðstæður, af því að ég hef fengið nóg af stöðugleikanum sem stanslaust er haldið fram að sé til staðar.

Það er ekki stöðugleiki að vera kjósa aftur í fjórða sinn

á níu árum. Þrjár ríkisstjórnir hafa sprungið áður en að kjörtímabili þeirra hefur verið lokið. Samnefnarinn er bara einn og orsökinn er sú sama - spilling.

En þessi pistill á ekki að hamra á því. Þetta er nú þegar skýrt og á allra vörum.

Mig langar til að segja þér frá Pírötum.

Það er kannski ekki margt sem þú veist um Pírata. Kannski vegna þess að Píratar hafa ekki komið sínum málefnum og hugsjónum nógu vel á framfæri. Þú þekkir mögulega ekkert starfið okkar, hvernig við vinnum, málefnaþöpunna eða stefnurnar okkar.

Það sem mig langar til að þú vitir, er að Pírötum er annað um þína velferð. Þú átt rödd hjá Pírötum og þú getur náð í okkur og haft áhrif á hvað við gerum.

Píratar vilja sýna þér kæri kjósandi, hvað stöðugleiki er. Við viljum sýna þér að það er vel hægt að gera vel við alla í þessu landi, að enginn þurfi að líða skort. Píratar líta sem svo á að þingmaður eigi að vera í þjónandi hlutverki gagnvart yfirmönnum sínum, sem ert þú og þjóðin. Þingmaður á að hlusta eftir þínum kröfum sem

og þjóðarinnar.

Okkur finnst það sárt að þér sé sagt að hér sé allt í lagi, meðallaun séu góð, enda eru þau 667 þúsund krónur á mánuði, fyrir fullt starf. Því þú veist alveg að þessi tala segir þér bara að hér sé hluti þjóðarinnar á ofurlaunum, sem dregur meðaltalið allt of hátt upp.

Píratar kalla því eftir stuðningi þínum: Við þurfum á þínu atkvæði að halda og óskum eftir gagnkvæmu trausti. Einungis með því eigum við möguleika á að koma á stöðugleika og kalla fram raunverulegar breytingar.

Mikilvægast er fyrir þig að vita að Píratar eru þverskurður af samfélaginu, Píratar eru alls konar:

Píratar eiga afa á ellilífeyri, eiga systir á örorku, eiga atvinnulausa vinkonu, eru nörðar, eru ellilífeyrisþegar, eru heilbrigðisstarfsmenn, eru á landsbyggðinni, eru kennarar, eiga unglíng, eru á örorku, eru námsmenn, eru fjölskyldufólk, eiga langveik börn, hafa misst ástvini, eiga börn, eru þunglyndir, elska dýr, eru hraustir, eru sjúklingar, eru í borginni, eru framtakssamir, eru alls staðar.

Píratar eru hér fyrir þig!

Píratar hafa framtíðarsýn og þú ert hluti af henni. Við viljum að þú búir í landi þar sem ríkir sanngirni og réttlæti, að þú búir við velsæld og að lífsgæði þín séu varin.

Það er nefnilega framtíðin okkar.

Rannveig Ernudóttir
Skipar 3. sæti Pírata í Norð-vesturkjördæmi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, 1. desember 2017. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflaga á pósthöfn Byggdastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur. Vakinn er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflaga.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

- Styrkir til rannsóknar- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/ eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að tólf milljónum króna. Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.
- Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/ eða þróunar. Styrkuppðæð er allt að einni milljón króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi · Ártorgi 1 · 550 Sauðárkrúkur · sími 455 5400 · www.avs.is




Fjórir sprækir krakkar skelltu í basar í Neistahúsinu á Ísafirði í síðustu viku og söfnuðu 13.947 krónum. Þegar þau höfðu lokið við að selja allt sem var á basarnum bættu þau peningum við úr eigin sjóðum. Þau vilja að peningarnar fari til barna í Sómalíu en Rauði krossinn styður við munaðarlaus börn þar í landi. Þetta voru þau Sæmundur Petr Pálsson, Una Margrét Halldórsdóttir, Embla Katrín Kristjánsdóttir og Sölvey Marie Tómasdóttir

Smámolar

Flugslýsaæfing



Bókaspjall



					TRÉ	MYLJAST	SKORTUR		KLIDUR	SJÁÐU	MERKJA
				BLÁKVARS							
				KVERK				SKJÖN			
								MEGA TIL			
				SAMTALS					KLAFI		
									FADMLAG		
				MÁLÆÐI							
				GEÐ					HNUSA		
							ELSKA				
				NÆSTUM	SIGTI						
					TVEIR EINS		BOTN FALL				
						HITA				ÁVINNA	
						SMYRSL					
					SLAGA						
					TUNNUR						
				RISSA				SEYTLA	FRÁ		
				MÆLI-EINING					NÆGILEGA		
					ELDSNEYTI					AFBROT	
					NEYÐA						
							HREMMA				
							SKORDÝR				
				FÝLDUR			KVIÐUR				
				KANTUR			KEYRA			GREMJAST	
						SAMTÖK		ÐEI			
						AF-HENDING		VÆTU			
									GELT		
				MÁTAR-ÍLÁT					EFNI		
				REGLA							
					ÍÞRÓTT						
					TVEIR EINS						
							HNETA				
						BLÓMI					



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is**



Síðari grein




sinni og sama gerðist varðandi póst- og bankaafgreiðslur. Hin harða ásókn í hagnað af verslun og þjónustu heldur áfram og nú er hafinn nýr kafli með tilkomu Costco. Það er ekki vafi á því að fólk finnu með þeirri varðlagningu sem Costco býður upp á að útgjöld heimila á suðvesturhorninu geta lækkað eitthvað í bili en hér er sama formúlan að verki að smala fólk í nægilega stórum stíl á einn stað til þess að skapa eigendum sínum góðan hagnað af rekstrinum. Sá hagnaður rennur trúlega að mestu út úr landinu. Kaupfélögin notuðu arð af sínum rekstri í uppbyggingu nærumhverfis og til þess að skapa viðunandi lífskjör á sínum félagssvæðum. Það er umhugsunarvart að bera saman samvinnurekstur og einkarekstur. Framsóknarmenn hafa alltaf sagt að þessi rekstrarform geti þróast hlið við hlið en það er þó grundvallarmunur á þeim. Verslunarsagan segir okkur að tilkoma Costco geti einfaldlega stjórnað að byggðaröskun. Stjórnmalamennt þurfa að taka sér tak og finna sitthvað til mótvægis fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum

eins og að gefa að nýju leyfi til þess að veiða og vinna fisk með endurheimtu fiskveiðiheimilda til fjölmargra brothættrabyggða. Fleiragetur stuðlað að byggðaróskun svo sem hugsanleg fækkun sauðfjárbænda vegna erfiðleika í kjötsölunni. Miklu víðtækara markaðsstarf en nú er stundað er það sem Framsókn ætti að beita sér fyrir ásamt tímabundnum öflugum fjárhagsstuðningi við bændur.

Framsóknarflokkurinn var frjálslyndur umbótaflokkur, lítið eitt vinstra megin í miðju stjórnmálanna. Talsmenn flokksins nú um stundir halda því gjarnan á lofti að flokkurinn sé miðjuflokkur og slíkur línudans er líklega vandasamur og útkoman samkvæmt því. Flokkurinn þarf mjög að skýra stefnu sína í mörgum málum og leita eftir áherslum almennings. Tilkoma Pírata og fylgisaukning Vinstri grænna sýnir svo ekki verður um villst að eitthvað er að og hvað með Flokk fólksins? Nú í aðdraganda kosninga ættu Framsóknarmenn að kappkosta að kynna sín baráttumál. Það yrði meðal annars til þess að fólk áttaði sig betur á stefnu flokksins. Í því sambandi má ekki láta hjá líða að kynna stefnu flokksins til breytinga á fiskveiðistjórnun. Reynsla síðari ára sýnir að stjórnarsamvinna við Sjálfstæðisflokkinn er skaðleg fyrir Framsóknarflokkinn og gæti sá síðar nefndi efalaust gert meira gagn fyrir þjóðina núna í samvinnu við vinstri menn. Það er ólíklegt að tvíhöfðiáihaldverðisigurvegari næstu alþingiskosninga. Hér er tækifæri Framsóknar til þess að gera sig gildandi að nýju.

*Sigurður Kristjánsson fyrrv.
kaupfélagsstjóri.*



Samráðsnefnd Félags
stjórnenda í leikskólum hefur
áhyggjur af stöðu barna í
leikskólum landsins. Skýrsla
OECD sýnir að börn á Íslandi
hafa lengsta viðveru hvern dag
og flesta leikskóladaga á ári.

Í ályktun nefndarinnar kemur fram að rými fyrir hvert barn í leikskólum á Íslandi er of lítið með tilliti til fjölda barna og dvalartíma. Mikið álag er fyrir ungt barn að vera í stórum hópi í litlu rými svo langan dag. Viðvera barna hefur aukist síðustu ár og dvelja þau í leikskóla að meðaltali yfir átta

klukkustundir á dag.

„Áhyggjur okkar beinast að því að börn geti orðið fyrir röskun á geðtengslamyndun sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts. Viðvarandi starfsmannavelta eykur einnig á þennan vanda. Við viljum beina orðum okkar til foreldra, sveitastjórna/rekstraraðila leikskóla og til atvinnulífsins alls. Stöndum saman að velferð barna og finnum leiðir til að bæta aðstöðu þeirra nú og til framtíðar,“ segir í ályktuninni.



Sudoku praতির

	3		7	4	5			2
		7			1			6
8	1	4		6		9		
			4		6	1		
1				9				4
4					3	5		
2					7			3
	5		8				9	
6		8	1		9		7	

	7	8		5				
			8	6		2		3
3		6	2		4			
		1		3	6	7	5	2
7						6	4	
6		2		4	1			
	3		6	7	2			
1	2		4	8		3		
5		7	3		9	8	2	4

		SKART- KLÆÐI	VÍRUS	GARGA		TVEIR EINS	VESALINGS	JURT			
		SVELOJA	S	V	O	L	G	R	A		
		KIRNA	K	E	R	SÍÐASTI DAGUR NARSÍ	G	Æ	R		
		GÖNGULAG	R	I	G	S	TVEIR EINS	F	F		
		MÁLMAUR UPPFYLLA	Ú	R	A	N	TVEIR KEPPNI	I	I		
	↓	SLÉTTA	ELLEGAR TVIHLJÓÐI	E	Ð	A	EINKAR SKOKK	A	L	L	BÁS
TÖNG	K	J	A	F	I	GLAÐUR BÖK- STAÐUR	H	R	E	S	S
HÝRA	L	A	U	N	ÆVIKÝLD TUNGL	E	L	L	I	LÖGUR	T
FRÁ	A	F	FORMÓÐIR MÁLMAUR	A	M	M	A	HNAPPUR RÁF	K	V	Í
PANGAÐ TIL	U	N	S	TUNNUR MJÖG	Á	M	U	R	SAMTÖK SNÍKJUR	A	A
FJANDI	S	A	T	A	N	LASLEIKI LEIKTÆKI	P	E	S	T	Á NÝ
	T	MJÓLKUR- VARA KYK NAFN	Á	F	I	R	SPYRJA HERBERGI	I	N	N	A
FUGL	U	G	L	A	VILJA TÍMABÍL	Ó	S	K	A	MARGAR- DYR	F
TVEIR EINS	R	R	LABB GAGN	R	Ö	L	T	OT OFANFEÐ	P	O	T
LÉREFT	L	Í	N	RÍKI Í ASÍU ÁTT	L	A	O	S	Í RÖÐ PRÓF- GRÁÐA	T	U
TÁKNMYND	Í	M	Y	N	D	LÍÐUGUR	F	I	M	U	R
SKJÓLA	F	A	T	A	GERIR VÍÐ	L	A	G	A	R	



Allt er gott sem endar vel



0,5 L

Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með skál af ómótstæðilegum Mjúkís, þar sem dásamleg karamella á stórleik á móti einstöku kaffibragðinu. Nú fæst hann í nýjum hálf lítra umbúðum.

Mjúk lending eftir matinn